

Ár 1993, miðvikudaginn 21. apríl var í málínu nr. 6/1992 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svo hljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir að með bréfi dagsettu 11. desember 1992 kærir Ragnar Þórðarson hjá endurskoðunarskrifstofunni þemu fyrir hönd Ólafs Inga Reynissonar, Heiðarbrú 42 í Hveragerði, fasteignamat húseignarinnar Grænumörk 1c, Hveragerði. Nánar segir í bréfi kæranda: "Ofanritaður hefur beðið okkur um að fara framá það við ýour að þér endurákvæðið úrskurð Fasteignamats Suðurlands dags. 30. nóv. 1992.


Með bréfi dags. 21. ágúst óskuðum við eftir endurskoðun á fasteignamati eignarinnar Grænumörk 1c Hveragerði vegna þess að fasteignamatið þótti allt of hátt m.v. það kaupverð og það markaðsverð sem eignin selst á í Hveragerði. 30. nóv. 1992 þá var okkur tjáð lækkun á fasteignamatinnu um kr. 3.307.000-, þ.e úr kr. 25.350 í kr. 22.043. Þessa lækkun teljum við ekki nægilega til að endurspeglar það markaðsverð sem fengist fyrir eignina á þessum stað því vonumst við eftir að þér takið matið til endurákvörðunar. Meðfylgjandi eru ljósrit af bréfi til Fasteignamats Suðurlands og úrskurður þeirra."


Þann 23. febrúar 1993 fór Yfirlasteignamatsnefnd á staðinn og skoðaði eignina í tylgd eigandans Ólafs Inga Reynissonar og byggingarfulltrúans í Hveragerði Guðmundar Baldurssonar, bæjartæknifræðings. Það kom fram hjá húseiganda að eignin væri naumast fullnýtt nema frá apríl til og með september og að lokað væri fyrir allan rekstur í desember og janúar. Annan tíma ársins taldi hann að ekki væri opið nema um helgar. Eldhússaðstaða mun þó vera nýtt allt árið.


Með hliðsjón af verðlagi fasteigna í Hveragerði og að teknu tilliti til framkomenna aðstæðna þykir hæfilegt mat veitingahússins miðað við útgefna fasteignaskrá 1. desember 1991 vera kr. 15.750.000 og framreknað til útgetinnar fasteignaskrár 1. desember 1992 kr. 15.546.000 .

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Fasteignamat húseignarinnar (veitingahússins) nr. 1c við Grænumörk í Hveragerði samkvæmt fasteignaskrá útgefinni 1. desember 1991 ákveðst kr. 15.750.000 . Fasteignamat samkvæmt fasteignaskrá útgefinni 1. desember 1992 ákveðst kr. 15.546.000 . Fasteignamat lóðar og söluskála standi óbreytt.


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon


Guðny Björnsdóttir